

Umsókn um styrk frá byggðarráði Langanesbyggðar

Umsóknaraðili Bakkasystur ehf., kt. 420322-2320

Viðburður Grásleppan 2026

Undirbúningur fyrir Grásleppuna 2025 hófst af krafti í upphafi árs þegar styrkvilyrði frá byggðarráði Langanesbyggðar lá fyrir. Markmið fyrir þessa hátíð var að halda gestafjölda á svipuðum stað og á síðustu hátíð, en um 200 manns sóttu hátíðina árið 2024.

Fyrirkomulag hátíðar var svipað og árin á undan. Dagskrá var með sama sniði, en þó nýir og spennandi dagskrárliðir sem bættust við, svo sem sigling og kvikmyndasýning. Sérstök hljómsveit var sett saman af þessu tilefni, skipuð heimamönnum og nágrönnum. Nemendur Grunnskólans á Þórshöfn voru áberandi, en auk fjáröflunar 9. bekkjar var verkefnið *Tungubrestur og listsköpun* formlega kynnt til sögunnar. Meðlimir Björgunarssveitarinnar Hafliða tóku virkan þátt í dagskránni við góðar undirtektir hátíðargesta.

Kynningarmál fóru sem fyrr fyrst og fremst fram á samfélagsmiðlum og áhersla lögð á Langanesbyggð og nærumhverfi. Hátíðin og verkefni tengd betri nýtingu grásleppunnar hafa vakið athygli á landsvísu og ólíklegasta fólk sem hefur heyrt hennar getið. Fjölbreyttur hópur gesta lagði leið sína til Bakkafjarðar og margir þeirra komu langt að. Hátíðin heppnaðist mjög vel og voru gestir og skipuleggjendur hæstánægðir með daginn.

Heildarkostnaður við hátíðina var 2.100.000. Aflað var styrkja frá byggðarráði Langanesbyggðar, atvinnurekendum á Bakkafirði, Bjarginu ehf, Brattanesi ehf og Hróðgeir Hvíta ehf, ásamt BioPol á Skagaströnd, en einnig gáfu þeir sem komu að hátíðinni vinnuframlag sitt, verkefnastjóri, matreiðslumeistarar og aðrir aðilar.

Árið 2026 verður hátíðin með örlítið breyttu sniði. Stefnt er að því að sækja um tækifærisleyfi með áfengisveitingum, ásamt því að halda úti sölu á ýmsum varningi til að mæta kostnaði við sífellt stækkandi gestafjölda. Það er einlæg ósk skipuleggjenda að hátíðin verði aðgengileg öllum og ekki rukkaður aðgangseyrir. Því er ljóst að frekari fjármögnun er þörf til að standa undir kostnaði hátíðarinnar og teljum við að sala sé rökrétt næsta skref við fjármögnun, til viðbótar við styrki.

Áætlaður kostnaður við hátíðina á næsta ári er 2.500.000. Hækkun milli ára er aðallega vegna kostnaðar tengdu skemmtanaleyfi, en einnig hafa aðstandendur hátíðarinnar hug á að bjóða upp á rútuferðir milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Með því viljum við stuðla að enn frekari þátttöku íbúa Langanesbyggðar.

Það er ljóst að samstillt átak þarf til að efla hátíðina enn frekar og standa undir þeirri jákvæðu umfjöllun sem Bakkafjörður og sveitarfélagið í heild sinni hefur fengið í tengslum við verkefnið. Tryggja þarf sterka innviði í þorpinu, til að geta tekið á móti þeim gestafjölda sem stefnir í á komandi árum. Gott samstarf við rekstraraðila gistiheimila, tjaldsvæðis og veitingastaðar er lykilatriði til að tryggja jákvæða upplifun allra. Auk þess þarf að huga að öðrum aðstöðumálum, eins og salernisaðstöðu og bílastæðum, en þau þarf að vinna í samstarfi við sveitarfélag og íbúa Bakkafjarðar.

Bakkasystur ehf., fyrir hönd aðstandenda hátíðarinnar, óska eftir styrk frá byggðarráði Langesbyggðar að fjárhæð 1.500.000.- vegna Grásleppunnar 2026.

Með fyrirfram þökk og kveðju,

Bakkasystur ehf.